

Tilmæli	4/2024
Tillaga	A 1954/UKK
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 4/2024

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 4/2024 um að hjálpa námsfólki í löndum þar sem óstöðugleiki ríkir til greina og líti svo á að tilmælin séu að fullu afgreidd af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- að taka saman skýrslu og lýsingu á norsku áætluninni Students at risk, sem nýta má sem líkan fyrir innleiðingu álíka áætlunar í norrænu löndunum
- að kortleggja í samvinnu við samnorrænar rannsóknarstofnanir möguleika slíkrar áætlunar til að bjóða t.a.m. rannsóknarnemendum upp á öruggt rannsóknarumhverfi
- að afhenda Norðurlandaráði greinargerð um álíka verkefni sem kunna að vera til staðar í norrænu löndunum
- að endurmeta sýn sína á verkefni sem snúa að námsfólki í hættu og tækifæri til að nota þetta líkan til að efla norræna vörumerkið í málefnum friðar og lýðræðis

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefnd þakkar fyrir tilmælin um norrænar aðgerðir til að hjálpa námsfólki í löndum þar sem óstöðugleiki ríkir. Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) deilir áhyggjum ráðsins af námsfólki sem á hættu á ofsóknum eða fangelsisvist vegna stjórn málaþátttöku sinnar. Aðgangur að menntun er mikilvægur til að einstaklingar geti nýtt tækifæri sín og lagt sitt af mörkum til samfélagsins.



Lýsing á norsku áætluninni Students at Risk (StAR)

Í tilmælunum er óskað eftir lýsingu hinni norsku Students at Risk-áætlun, sem hugsanlega gæti nýst sem fyrirmynd fyrir sambærilegar áætlanir í hinum norrænu löndunum.

Norska StAR-áætlunin var stofnuð af norska utanríkisráðuneytinu árið 2014 að frumkvæði Alþjóðlegs hjálparsjóðs námsfólks og fræðimanna (SAIH) og Norsku námsmannasamtakanna (NSO). Áætlunin var fyrst stofnuð sem tilraunaverkefni og á hennar vegum hefur verið tekið við námsfólki á hverju ári frá árinu 2017 (að undanskildu árinu 2020 vegna kórónuveirunnar). Framhald áætlunarinnar var samþykkt árið 2020 og verður tekið við námsfólki til 2025/2026 í það minnsta. Áætlunin verður endurmetin árið 2025.

Stjórnsýslusvið æðri menntunar og fagkunnáttu (HK-Dir) í Noregi hefur umsjón með áætluninni. Markmið áætlunarinnar er að „bera kennsl námsmenn sem vegna mannréttindabaráttu sinnar er neitað um eða eiga hættu á að vera neitað um nám og missa önnur réttindi í heimalandi sínu og veita þeim tækifæri til að ljúka námi sínu í Noregi“.

Nefnd valinna aðila tilnefnir umsækjendur. Tilnefningar eru sendar inn af SAIH, mannréttindasamtökum á borð við Amnesty International, æðri menntastofnunum í Noregi sem taka þátt í áætluninni og norskum sendiráðum í þróunarlöndum. Mannréttindasamtök sem tilnefna baráttunámsfólk fara fyrst í gegnum gæðaathugun hjá utanríkisráðuneytinu og HK-dir.

Frá árinu 2014 hefur StAR-áætlunin

- Tekið við tíu námsmönnum (síðast sumarið 2024)
- Tekið við 521 tilnefningum um baráttunámsfólk frá 33 löndum í fjórum heimsálfum
- Úthlutað styrkjum til 146 baráttunámsmanna
- Haft heildarfjármögnun upp á 86.106.000 NOK (felur í sér styrki, umsýslu, mat o.s.frv. á tímabilinu 2013 til 2026 fyrir 1. til 9. inntöku).

Tilnefndir námsmenn eru metnir með tilliti til ýmissa viðmiða. Þeir námsmenn sem uppfylla viðmið eru svo metnir með tilliti til aktívisma og áhættu. Það mat framkvæmir sá aðili sem tilnefnir námsmann í áætlunina. Þegar HK-dir hefur mótttekið tilnefningar framkvæmir HK-dir mat á menntun og enskukunnáttu. Námsmenn sem uppfylla inntökuskilyrði æðri menntunar í Noregi fara í gegnum frekara mat hjá menntastofnununum sem taka þátt í verkefninu. Ef hjá menntastofnununum er laust pláss í nám sem hentar akademískum bakgrunni eins eða fleiri námsmanna er þeim boðið í námið.



Námsstyrkir eru greiddir út mánaðarlega og eru þeir í samræmi við upphæðir Lånecassen í Noregi. Þeir námsmenn sem fá námsstyrk þurfa ekki að greiða skólagjöld.

Students at Risk-áætlunin fór í gegnum mat árið 2020 – niðurstaðan var að hún uppfyllti markmið. Einnig kom í ljós að StAR-námsfólk lauk námi sínu á sama stigi og aðrir erlendir námsmenn.

Matið leiddi þó einnig í ljós atriði sem þarf að bæta, svo sem eftirfylgni með og kortlagningu námsmanna sem hafa fengið styrki, þörf á sameiginlegum skilningi á hlutverkum og ábyrgð í tilnefningar- og matsferlinu og þörf á meiri fyrirsjáanleika í fjármögnun.

Samkvæmt HK-dir er námsfólk sem hefur tekið þátt í StAR ánægt með verkefnið, bæði menntunina sem það fær og gagnsemi menntunarinnar fyrir framtíðarstörf. HK-dir bendir einnig á að StAR-áætlunin nýtur víðtæks og mikils stuðnings meðal æðri menntastofnana, mannréttinda- og námsmannasamtaka og annarra aðila í Noregi. Einnig bendir HK-dir á að verkefnið krefst stöðugar þróunar til að tryggja hnökralaust ferli og góð vinnubrögð sem tryggja öryggi umsækjendanna, og að krefjandi umsýsla verkefnisins krefjist þess að verklag, samstarf og upplýsingamiðlun milli aðila gangi vel fyrir sig.

Sambærileg verkefni annars staðar á Norðurlöndum

Vorið 2023 voru Students at Risk-samtök stofnuð í Finnlandi. Samtökin voru mynduð af námsmannasamtökunum Union of Finish Student Unions (SAMOK) og Union of Finnish Students (SYL) og markmið þeirra er að stuðla að akademísku frelsi og aðgangi að menntun fyrir erlenda námsmenn með því að auglýsa námsstyrki. Students at Risk-áætlun er í burðarliðnum og viðræður eru meðal annars í gangi við finnska háskólageirann.

Engin önnur sambærileg verkefni eru í gangi í hinum norrænu löndunum. Engin áform eru sem stendur um slík verkefni en löndin eru meðvituð um þróun norsku og finnsku áætlanna og fylgjast af áhuga með þeim. Margar æðri menntastofnanir á Norðurlöndum taka einnig þátt í evrópskum og alþjóðlegum áætlunum sem styðja fræðimenn sem sæta ofsóknum, svo sem *Scholars at risk* og *Scholars Rescue Fund*.

Students at Risk-verkefni á norrænum vettvangi

Norðurlandaráð óskar eftir því að ráðherranefndin takið málið upp, annaðhvort með því að nota hina norsku Students at Risk-áætlun sem fyrirmynd eða með því að kynna málið með öðrum svipuðum verkefnum.



Norræn áætlun að fyrirmynd hinnar norsku Students at Risk-áætlunar þyrfti að hafa trausta fjármögnun til margra ára, vera í samstarfi margra ráðherranefnda og hafa tengingu við mörg norræn yfirvöld eða æðri menntastofnanir. Mikill umsýslukostnaður fylgir hinni norsku Students at Risk-áætlunar – í norrænni áætlun gæti ábyrgð á eftirfylgni skipst milli margra norrænna menntastofnana eða yfirvalda og boðið upp á fjölbreyttara námsúrval. Slík áætlun gæti einnig styrkt stöðu Norrænu ráðherranefndarinnar í baráttunni fyrir mannréttindum og lýðræði.

Um leið nýtur slík áætlun sem stendur ekki skýrs stuðnings í löndunum. Students at Risk-áætlun myndi krefjast aukinnar samhæfingar, fjármögnunar, umsýslu og eftirfylgni og snerta málefni sem tengjast stefnu í þróunarmálum, utanríkismálum og útlendinga- og samþættingarmálum.

Einnig má skoða áætlun í samhengi við annað alþjóðlegt starf Norrænu ráðherranefndarinnar. Norræna ráðherranefndin hefur skýrt umboð frá samstarfsráðherrum Norðurlanda til að beina kastljósinu að samstarfi við Eystrasaltsríkin og Norður-Ameríku – ekki er æskilegt að breyta því á þessum tímapunkti.

Heildarmyndin sýnir að ekki ríkir full samstaða um Students at Risk-áætlun á norrænum vettvangi að svo stöddu. Stofnun samnorrænnar styrkjaáætlunar krefst fulls stuðnings og þátttöku allra landanna, sem ekki er til staðar í dag.

Þetta er engu að síður málefni sem kann að vera viðeigandi að taka fyrir í stjórn málaumræðu, til dæmis á ráherra fundum, norrænum stjórnarfundum eða öðrum fundum háttsettra aðila.

Í vinnunni að starfáætlunum tímabilsins 2025-2030 munu mismunandi fagráðherranefndir ræða um möguleika þverfaglegra áætlana – því er eðlilegt að umræðurnar haldi áfram í ljósi þeirra umræðna. Einnig væri á sama tíma eðlilegt að ræða hvort og hvernig megi vekja athygli á þessu málefni í stjórn málaumræðu á næstu árum.

Hvað varðar athugun á því hvort samnorrænar rannsóknarstofnanir geti boðið rannsóknarnemum upp á öruggt rannsóknarumhverfi er mismunandi hvort Nordregio, NordForsk og Norrænar orkurannsóknir telji sig geta lagt eitthvað af mörkum í mögulegri áætlun. Fyrir utan einstök tækifæri til stuðnings við hreyfanleika fræðimanna á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum búa stofnanirnar sem stendur ekki yfir fjármunum til að fjármagna slíka dvöl. Því þyrfti fjármögnun vegna mögulegrar dvalar umsækjenda hjá menntastofnunum að vera hluti af umsókn um fjármuni í gegnum önnur styrkjakerfi.



Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum að hluta til.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin þakkar fyrir svar Norrænu ráðherranefndarinnar.

Svarið inniheldur, eins og óskað var eftir, lýsingu á hinni norsku Students at Risk-áætlun, en Norræna ráðherranefndin svaraði ekki tilmælum Norðurlandaráðs um gerð skýrslu sem nýta mætti sem fyrirmynd við innleiðingu álíka áætlunar í norrænu löndunum. Nefndin telur það miður og saknar skýringar á því hvers vegna ekki var brugðist við þessum hluta tilmælanna.

Nefndin þakkar fyrir greinargerðina um sambærileg verkefni annars staðar á Norðurlöndum og lýsir yfir ánægju með að samsvarandi verkefni sé þegar að finna í Finnlandi, og vonast til þess að það leiði til þess að önnur lönd fylgi á eftir. Þó eru það nokkur vonbrigði að ekki ríkir samstaða meðal norrænu landanna um að færa Students at Risk-áætlunina yfir á norrænan vettvang og að ekki séu tækifæri til að bjóða námsfólki í hættu stuðning hjá norrænu rannsóknarstofnununum (Nordregio, NordForsk og Norrænar orkurannsóknir).

Í svarinu er þó opnað fyrir þann möguleika að áætlunin komi við sögu þegar unnið verður frekar að starfsáætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar 2025-2030 og að málefnið verði rætt í stjórn málaumræðu á næstu árum, meðal annars á ráðherrafundum.

Svarið skapar ekki miklar væntingar um að samstaða eða vilji sé meðal norrænu ríkjanna um að færa verkefnið yfir á norrænan vettvang á þessum tímamarki. Finnsla verkefnið og möguleikinn á að fella verkefnið inn í starfsáætlunir Norrænu ráðherranefndarinnar 2025-2030 sýna þó að rétt er að vinna að málinu í norrænu samhengi og að hafa má von um að það verði til þess að hin norska Students at Risk-áætlunin leiði til norræns samstarfs um svipað verkefni.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 4/2024 um að hjálpa námsfólki í löndum þar sem óstöðugleiki ríkir til greina og líti svo á að tilmælin séu að fullu afgreidd af hálfu ráðsins.

Reykjavík, 29. október 2024



Lars Mejern Larsson (S)

Per Husted (S)

Catarina Deremar (C)

Lars-Christian Brask (M)

Noora Fagerström (saml)

Veronika Honkasalo (vänst)

Victoria Tiblom (SD)

Kirsti Leirtrø (A)

Pinja Perholehto (sd)

Kathrine Kleveland (Sp)

Marko Kilpi (saml)

Ville Väyrynen (saml)

Joakim Vigelius (saf)

Helge André Njåstad (FrP)